

Sp.

4. Tillaga til þingsályktunar

um flugvöllina í Reykjavík og Keflavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að haga samningum við stjórn Bandaríkjanna um stækkun og endurbætur á flugvöllinum við Keflavík á þann hátt, að þar verði nú þegar hentug aðstaða fyrir allt flug, sem Íslendingar taka þátt í, innan lands og til útlanda. Jafnframt þessu er ríkisstjórninni falið að breyta flugvöllinum í Reykjavík í byggingarlóðir og láta þær í té með leigusamningum, sem vinna móti vaxandi dýrtíð í bænum.

Greinargerð.

Þar sem nú er tryggt með samningum, að Bandaríkjamenn endurbæta völlinn við Keflavík, þó að hann sé nú talinn meðal fullkomnustu flugvalla í heimi, þykir einsýnt að nota hann sem meginflugvöll Íslendinga bæði um flug innan lands og til útlanda. Jafnframt þessu þarf að leggja niður flugvöllinn í Reykjavík, af því að hann er óþarfur, rekstur hans og viðhald er of dýrt fyrir þjóðina og auk þess er hann líklegur til að verða í næstu heimsstyrjöld sú arfasáta, sem óvinir landsins nota til að brenna Reykjavík. Frá Íslandi má nú skjóta eldflaugum að stórborgum Norður-Ameríku, og má nærri geta, að sótt verður fast á um aðstöðu á Íslandi, þegar einræðisþjóðir á meginlandinu hefja næsta árásarstríð. Munu flugvöllirnir þá, eins og í nýafstöðnu stríði, verða eftirsótt skotmark. Kringum flugvöllinn eru í röð hitageymar Reykjavíkur, bæði aðalsjúkrahús bæjarins, háskólinn, væntanlega með handritasafni landsins, fornminjasafnið með vísi að safni fyrir nútímalist Íslendinga. Auk þess má segja, að höfuðborgin öll girði um flugvöllinn og sé öll í hættu af sprengjum, sem falla þar. Hins vegar stækkar þærinn stöðugt og vantar byggingarlóðir á hentugum stað, bæði fyrir íbúðarhús og iðnfyrirtæki. Má á heppilegasta hátt bjarga þessu máli með því að láta Reykjavík vaxa yfir flugvöllinn.